

Reiðvega- og samgöngunefnd LH 2026

Fundargerð.

Frá fundi Reiðvega- og samgöngunefndar LH laugardaginn 21. mars 2026, kl. 10:00 – 12:00 fundarstaður Íþróttamiðstöðin í Laugardal skrifstofa LH.

Mættir til fundarins voru :

Jón Magnússon formaður Reiðvega- og samgöngunefndar,
Halldór H Halldórsson aðstoðarmaður Reiðvega- og samgöngunefndar,
Sæmundur Eiríksson Suðvestursvæði, Víkingur Gunnarsson Norðursvæði 1 og
Berglind Karlsdóttir framkvæmdarstjóri LH.

Tengd fjarfundarbúnaði voru : Einar Á Sæmundssen Suðursvæði 1,
Kristín Bjarnadóttir Suðursvæði 2, Magnús Skúlason Austursvæði,
Örn Viðar Birgisson Norðursvæði 2 og Sveinbjörn Eyjólfsson Vestursvæði

Jón Magnússon formaður Reiðvega- og samgöngunefndar setti fundinn og tilnefndi Sæmund Eiríksson sem fundarritara.

1. Skýrsla síðasta starfsárs 2025.

Skýrsla Reiðvega- og samgöngunefndar fyrir síðasta starfsár 2025 var send út með fundarboði. Þar var helst nýjar starfsreglur fyrir Reiðvega- og samgöngunefnd LH. Fundur með Vegagerð 1. apríl um breytta dagsetningu á skilum reikninga vegna reiðvegaframvæmda hvers ár verði 15. nóv og um úttekt á reiðvegaframkvæmdum sem skal framkvæmd af eftirlitsmanni Vegagerðar á hverju landsvæði áður en reikningar verða greiddir.

Haraldur Sigursteinsson var að vinna við uppfærslu og breytingar á Reiðvegahandbókinni síðasta haust vegna nýrrar reglugerðar á umferðarmerkjum og notkun þeirra. En vegna erfiðra samskipta við Vegagerðina og mismunandi túlkunar á nýju reglugerðinni var þeirri vinnu hætt. Fá þarf skýringar frá Samgöngustofu/ráðuneyti á réttum skilningi og túlkun á upplýsingamerkinu 658.4.

2. Starfsreglur Reiðvega- og samgöngunefndar LH

Lögð er fram tillaga um breytingar á Starfsreglum Reiðvega- og samgöngunefndar þar sem skýrt er betur hlutverk reiðveganefnda hestmannafélaga og reiðveganefnda landssvæða. Tillagan hefur fengið umfjöllun hjá stjórn LH og var samþykkt þar og vísað til Reiðvega- og samgöngunefndar til endanlegrar samþykktar.

ES : Legg til að bætt verði inn hvernig landinu er skipt í svæði.

SæE : Yfirlitsmynd af skiptingu landssvæða úr Reiðvegahandbókinni verði bætt inn.

Tillaga samþykkt samhljóða.

3. Fjárheimildir 2025

HHH : Farið yfir fjárheimildir 2025

Reiðvegaframkvæmdir 2025 voru samtals kr. 99.660.440,- en fjárheimild var kr. 100.693.138 og mismunur því kr. 1.032.698 sem greiðist til LH.

4. Reiðvegaframkvæmdir 2025 uppgjör, skil á greinagerðum.

Suðursvæði 2 : Sindri fór kr. 1.097.925 og Geysir fór kr. 723.212 fram yfir heimild

Suðursvæði 1 : Í ferðaleiðum standa eftir kr. 500.000 af heimild.

Jökull fór kr. 25.002 fram úr heimildum.

Suðvestursvæði : Farið er kr. 144.941 fram yfir heimild.

Vestursvæði : Í ferðaleiðum standa eftir kr. 432.051 af heimild.

Hjá Dreyra standa eftir kr. 1.993.056 af heimild.

Vegna mistaka hjá Vegagerðinni var reikningi með þessarri upphæð hafnað í fyrra en það hefur nú verið leiðrétt.

Norðursvæði 1 : Í ferðaleiðum standa eftir kr. 550.000 af heimild.

Norðursvæði 2 : Farið er kr. 451.643 fram yfir heimild.

Hringur fékk viðbótarúthlutun að upphæð kr. 500.000 á móti þessarri upphæð.

Austurvæði : Farið er kr. 50.800,- fram yfir heimild.

ÖVB : Kvartað yfir erfiðu og flóknu ferli við skil á framkvæmdaskýrslum/umsóknum, mönnum vex þetta í augum og tölvufærni ekki alltaf til staðar.

Er þetta ekki að einhverju leyti tvöfalt kerfi ? fyrst er skilað reikningum til Vegagerðar fyrir hvert verk og síðan þarf að skila inn greingerð til LH ?

Það þyrfti að vera hægt að fá aðstoð frá skrifstofu LH.

HHH : Greinagerð til LH er fyrir utanumhald framkvæmda inn á Kortasjánni og þegar framkvæmdum er lokið á að skila inn greinagerð en ekki geyma það þar til allt er gleymt.

SvE : Ég er ánægður með hvernig fyrirkomulag á úttektum er hjá Vegagerðinni og einnig með fyrirkomulagið á þeim þær skýrslum og umsóknum sem sendar eru til LH.

JM : Séð verður til þess að á næsta ári verði hægt að leita til skrifstofu LH eftir aðstoð og leiðbeiningum við frágang á greinagerðum og umsóknum.

5. Reiðvegaáætlanir og umsóknir um reiðvegfé 2026.

Umsóknir fyrir reiðvegafé árið 2026 eru samtals kr. 606.621.386

Til úthlutunar eru kr. 100.000.000

HHH : Samkvæmt Samgönguáætlun sem nú er til umfjöllunar á Alþingi eru kr. 100.000.000 ætlaðar árlega til reiðvega allt til ársins 2040.

6. Samgönguáætlun 2026-2040 fundur með Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Þann 5. mars funduðu Jón Magnússon formaður Reiðvega- og samgöngunefndar LH og Halldór H. Halldórsson fyrrv. form. Ferða- og samgöngunefndar LH með Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, einnig voru á sama fundartíma fulltrúar frá Bændablaðinu og Samtökum Íslenskra Sveitarfélaga. Undirtektir á málum hestamanna voru frekar jákvæðar eins og kemur fram í meðfylgjandi fundargerð, en spurning hvort það skilar sér áfram.

ÖVB : Legg til að fenginn verði blaðamaður frá Bændablaðinu til þess að skrifa um reiðvegi og reiðvegamála í blaði sem er með góða dreifingu um allt land og er víðlesid.

JM : Góð hugmynd reynum að koma þessu á.

7. Úthlutun reiðvegafjár 2026

Landssamband hestamannafélaga

Umsóknir og úthlutun á reiðvegafé fyrir árið 2026

Svæði:	Umsókn 2026	Úthlutun 2026	Mótframlag Sveitarfélag, aðrir	Til ráðstöfunar Alls	Hlutfall af úthl.	Hlutfall af heild
Suðvestursvæði, Reykjanes:	90.453.197 kr.	15.000.000 kr.	11.500.000 kr.	26.500.000 kr.	15,00%	15,00%
Suðursvæði 1, Suðurland vestur:	89.547.189 kr.	11.000.000 kr.	8.500.000 kr.	19.500.000 kr.	11,00%	11,04%
Suðursvæði 2, Suðurland austur:	90.350.000 kr.	9.500.000 kr.	15.850.000 kr.	25.350.000 kr.	9,50%	14,35%
Vestursvæði Vesturland / Vestfirðir	34.300.000 kr.	11.000.000 kr.	5.600.200 kr.	16.600.200 kr.	11,00%	9,40%
Norðursvæði 1, Norðvesturland:	38.800.000 kr.	10.800.000 kr.	3.700.000 kr.	14.500.000 kr.	10,80%	8,21%
Norðursvæði 2, Norðausturland:	68.260.000 kr.	11.500.000 kr.	7.750.000 kr.	19.250.000 kr.	11,50%	10,90%
Austursvæði, Austurland:	16.860.000 kr.	8.000.000 kr.	0 kr.	8.000.000 kr.	8,00%	4,53%
Ferðaleiðir	173.051.000 kr.	23.200.000 kr.	18.750.000 kr.	41.950.000 kr.	23,20%	23,75%
LH Ýmis reiðvegaverkefni	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0,00%	0,00%
Reiðvegaskráning / Kortasjá	5.000.000 kr.	0 kr.	5.000.000 kr.	5.000.000 kr.	0,00%	2,83%
Samtals kr.	606.621.386 kr.	100.000.000 kr.	76.650.200 kr.	176.650.200 kr.	100,00%	100,00%

Ferðaleiðir	Umsókn 2026	Úthlutun 2026	Mótframl. Sv.félag, aðrir	Fé til ráðstöfunar Alls
	0 kr.			
Suðvestursvæði, Suðvesturland	56.351.000 kr.	10.000.000 kr.	0 kr.	10.000.000 kr.
Suðursvæði 1, Suðurland vestur	9.750.000 kr.	3.000.000 kr.	0 kr.	3.000.000 kr.
Suðursvæði 2, Suðurland austur	64.600.000 kr.	3.000.000 kr.	17.200.000 kr.	20.200.000 kr.
Vestursvæði 1, Vesturland / Vestfirðir	22.400.000 kr.	3.000.000 kr.	1.050.000 kr.	4.050.000 kr.
Norðursvæði 1, Norðvesturland	1.500.000 kr.	1.200.000 kr.	300.000 kr.	1.500.000 kr.
Norðursvæði 2, Norðausturland	18.450.000 kr.	3.000.000 kr.	200.000 kr.	3.200.000 kr.
Austursvæði, Austurland Jökulsárhlið að Gígjukvísl	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Til ferðaleiða samt.kr.	173.051.000 kr.	23.200.000 kr.	18.750.000 kr.	41.950.000 kr.

HHH : Tillaga að úthlutun til landssvæða, svipuð skipting/hlutfall og á síðasta ári.
Úthlutun til ferðaleiða er um 20 %

VG : Er einhver vinnuregla um skiptingu innan svæða ?

ES : Hér hefur sú vinnuregla verið að annað hvert ár fer allt reiðvegaféð til uppsveita það er til Jökuls og svo annað hvert ár til félaganna Ljúfur, Háfeti og Sleipnir. Eitthvað hafa félögin verið að finna að þessu fyrirkomulagi og spurning hvort það þurfi að breyta þessu.

ÖVB : Ég sendi út skiptingu á félögin miðað við svipað hlutfall árlega.

SvE : Hér hefur sú regla verið notuð að 40% er skipt jafnt milli félaga og síðan er 60% skipt niður eftir fjölda í hverju félagi.

Tillaga að úthlutun reiðvegfjár samþykkt samhljóða

6. Önnur mál


ES : Í sumar verður lagt bundið slitlag á Einholtsveg um 7.5 km. Ég hef verið í sambandi við Vegagerðina til þess að tryggja að reiðfært verði með veginum eftir framkvæmdir og það þarf virkilega að fylgja vel eftir þeim samskiptum til þess að tryggja það að gengið verði frá reiðleið með vegi samhliða framkvæmdum.

KB : Ég hef fundað með Landsvirkjun vegna framkvæmda við Vaðölduvirkjun og mun Landsvirkjun sjá til þess að hestaumferð hafi greiða leið um eða utan framkvæmdasvæðis. Einnig hefur verið rætt um að setja upp áningagerði vestan við brúna við Þjófafoss.

ÖVB : Varðandi umsóknir i Framkvæmdasjóð ferðmannastaða þá er umsóknarferlið frekar snúið og fá þarf allskonar leyfi sem þurfa að liggja fyrir. Er eitthvað hægt að fá upplýsingar um hvernig best er að standa að þessu og er eitthvað hægt að einfalda umsóknarferlið ?

KB : Við hér á okkar svæði höfum fengið nokkrum sinnum úthlutað til áningahólfa og merkinga og með umsókn þurfa að fylgja alls konar leyfi fyrir framkvæmd sem sótt er um.

SE : Inn á vef Ferðamálstofu undir kortasjá er hægt að sjá allar úthlutanir sjóðsins. Á bls 5 eru þau verkefni þar sem úthlutað hefur verið til hestamannafélaga.



Vatnsdalshólar (2019)

Framkvæmdasjóður

Hestamannafélagið Neisti A. Hún
kr. 1,78 millj.

Áning og aðstaða á krossgötum. Styrkur til að koma upp áningastað á krossgötum við Vatnsdalshóla. Á þessum stað mætast reiðleiðir úr fjórum höfuðáttum.

Ágætt innviðaverkefni á mikilvægri reiðleið sem tengist náttúruvernd og öryggi. Einungis er verið að styrkja hluta af viðkomandi verkefni.

Dómadalsleið (2021)

Framkvæmdasjóður

Hestamannafélagið Geysir
kr. 0,50 millj.

Áningarhólf að Fjallabaki - Dómadalsleið áfangi 2. Styrkur til að stýra hvar stöðvað er með hestahópa. Þannig má koma í veg fyrir gróðurskemmdir á viðkvæmu landsvæði.

Verkefnið speglar vel eitt af meginmarkmiðum sjóðsins, er varðar náttúruvernd.

Laufaleitir (2022)

Framkvæmdasjóður

Hestamannafélagið Geysir
kr. 1,11 millj.

Áningarhólf að Fjallabaki, 4.áfangi - Rangárvallafréttur/Laufaleitir. styrkur til að stýra því hver séu stoppistöðvar milli náttstaða fyrir hrossahópa á ferð um Fjallabak. Þannig er hægt að koma í veg fyrir gróðurskemmdir á viðkvæmu landsvæði og minnka slysaættu á ferðalögum hestamanna um hálendið.

Fjallabak (2020)

Framkvæmdasjóður

Hestamannafélagið Geysir
kr. 0,33 millj.

. Áningarhólf að Fjallabaki. Styrkur til að koma upp áningarhólfi á Dómadalsleið.

Gott innviðaverkefni á mikilvægri reiðleið, sem rímar sérstaklega vel við áherslur sjóðsins varðandi náttúruvernd á viðkvæmu svæði.

Emstruleið (2022)

Framkvæmdasjóður

Hestamannafélagið Geysir
kr. 0,71 millj.

Áningarhólf að Fjallabaki 3.áfangi - Emstruleið. Styrkur til að koma upp áningarhólfum frá Fossi á Rangárvöllum að Hvanngili.

Dalakofi-Landmannahellir (2024)

Framkvæmdasjóður

Hestamannafélagið Geysir
kr. 0,66 millj.

Merking reiðleiðar frá Dalakofa að Landmannahelli. Styrkur felst í að merkja reiðleið sem fer um viðkvæmt land að stórum hluta innan Friðlandsins að Fjallabaki. Leiðin liggur frá Dalakofa á Rangárvallafrétti, um Reykjadali og Rauðufossafjöll og yfir að Landmannahelli á Landmannafrétti.

Verkefnið gengur út á merkingu reiðleiðar um viðkvæmt land innan Friðlandsins að Fjallabaki. Með því er komið í veg fyrir óafturkræfar skemmdir á viðkvæmum gróðri.

Síðan var rætt um jarðvegsdúka undir reiðvegi og aðkomu hestaferðafyrirtækja að reiðleiðum. Þessi mál voru rædd á fundi Samgöngunefndar árið 2025 og læt ég þær umræður fylgja hér með óbreyttar frá síðasta ári :

ÖVB : Inn við Laugaland í Eyjafirði liggur reiðleið um mýri Laugarholtsleið R709.12. Í gegnum árin hefur þurft að bæta efni í leiðina sem sígur endalaust ofan í mýrina. Í sumar var prófuð ný aðferð, settur var út jarðvegsdúkur og efni keyrt ofan á og hefur þetta komið vel út.

SE : Leitaorð fyrir svona framkvæmd á vefnum „geotextile fabric for road construction“

ÖVB : Hestaferðafyrirtæki eru mikið að nota reiðleiðir og aðstöðu á okkar svæði. Þetta eru stórir hópar 100 til 200 hestar og nú er svo komið að bændur á þeim svæðum þar sem ágangurinn er hvað mestur eins og við Hraunsrétt hafa rætt um að loka reiðleiðum. Einnig er það að sjálfbodaliðar sem hafa lagt á sig mikla vinnu á okkar svæði fallast hendur þegar þessir stóru hópar sem ekkert leggja til skilja eftir skemmdir á reiðleiðum og aðstöðu.

KB : Hér á okkar svæði hafa hestaferðafyrirtækin Eldhestar og Íshestar lagt til peninga í áningahólf og eins hafa Hekluhestar lagt til í reiðleiðir á þeirra nærsvæði.

HH : Árið 2019 var reynt að fá saman öll hestaferðafyrirtæki á landinu til fundar og var tilgangurinn sá að fá fyrirtækin til þess að leggja eitthvað til reiðvegamála. Það var boðað til fundar í Laugardal, það mættu tveir og þar með rann sú tilraun út í sandinn.

Skráð : Sæmundur Eiríksson.